



Samtökin '78 Fundargerð aðalfundar 2015

Laugardaginn 21. mars 2015

Kex Hostel (salur: Gym&Tonic), Skúlagötu 28, 101 Reykjavík

Húsið var opnað kl. 12.00 og auglýstur fundartími kl. 13.00. Fyrir fundinum lá dagskrá í 11 liðum sem auglýst hafði verið með aðalfundarboði.

Formaður, Hilmar Hildarson Magnússon, setti fundinn klukkan 13.05 og hvatti félagsmenn til að nálgast ársskýrsluna á netinu, en einungis 25 eintök voru prentuð af umhverfisástæðum.

1. Skipan fundarstjóra og fundarritara

Arna Gunnarsdóttir var tilnefnd fundarstjóri og Ragnar Þorvarðarson ritari fundarins. Samþykkt með lófataki. Fundarstjóri benti á jafnréttis- og umhverfisstefnu sem fundargestir gátu nálgast á fundinum – í framhaldi barst spurning um rafrænt aðgengi að ársskýrslu og var þá tekið stutt hlé til að gera hana aðgengilega á vef samtakanna.

2. Lögmæti aðalfundar staðfest

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Á fundinum voru 35 félagsmenn og þurfti því 23 til að ná lagabreytingum í gegn.

3. Skýrsla stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa

Formaður kynnr ársskýrslu, sem er í fjórum hlutum og gefur grófa mynd af skipulagi félagsins. Formaður fór yfir erindi sitt í ársskýrslu - veturinn hefur verið stormasamur og vinnan við flutning samtakanna tekið á taugarnar. Eftir flutning af Laugavegi 3 á Suðurgötu 3 var það ljóst að framkvæmdir og breytingar á húsnæði tæku lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir. Þar spilar inn á að afgreiðsla á byggingarleyfi frá borginni tók langan tíma.

Stjórnarstörf: Örn Danival gekk úr stjórn á starfsárinu og Auður Magnús kom inn í stjórn úr trúnaðarráði, líkt og lög félagsins gera ráð fyrir. Auk stjórnarfundu og fundu trúnaðarráðs voru á árinu haldnir tveir sameiginglegir fundir stjórnar og trúnaðarráðs. Eftir fyrri fundinn var í framhaldi haldinn opinn fundur með félagsmönnum.

Fjármál: félagið er skuldlaust og í eigið húsnæði – fjárhagur er heilbrigður. Samningaviðræður standa yfir við Reykjavíkurborg um aukið framlag, stjórn óskaði eftir því að framlagið yrði hækkað töluvert. Nú starfar stjórn að því að skoða þjónustuframboð samtakanna og að sama skapi munu samtökin sækja um velferðarstyrk til velferðarráðuneytisins. Mikilvægt að geta sinnt reglulegri starfsemi, það er mögulegt með þjónustusamningum við ríki og borg.

Félögum fjölgar hægt og rólega. Nú eru 455 borgandi félagar, alls eru á skrá 1.073. Formaður ræddi einnig bættu upplýsingagjöf síðustu mánuði og jákvæð viðbrögð frá félagsmönnum.

Alþjóðamálin: farið yfir þátttöku í starfi ILGA Europe, m.a. upplýsingar um Íslandi á regnbogakortinu. Fulltrúar samtakanna sóttu einnig ársþing ILGA. EES styrkirnir, erum í samstarfi við Noreg og Spán um verkefni sem tengist hatursglæpum.

Intersex Ísland var stofnað í júní 2014 ári og hafa Samtökin '78 starfað náið með hinu nýstofnaða félagi. Formaður fagnar þessu.

Félags og sálfræðiráðgjöf: fimm manna hópur ráðgjafa. Fræðsla: starfsmaður í hálfu starfi. 70-90 fræðslukynningar hafa verið haldnar á árinu. Ungliðahreyfingin: mikilvægt að hlúa betur að unga fólkinu innan félagsins.

Nokkrum umsögnum um lagafrumvörp hefur verið skilað inn, varðandi: staðgöngumæðrun, lögregluskólann, fjölskyldumál og mannanafnanefnd.

Einn af hápunktum ársins var þegar bókasafn samtakanna var gefið til bæði Borgarbókasafns Reykjavíkur og Landsbókasafns Íslands.

Engar athugasemdir gerðar við ársskýrslu.

4. **Áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar**
Gjaldkeri, Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson, fór yfir áritaða reikninga. Hann kynnti rekstrarreikning og fór yfir stöðu rekstrarins. Rekstrarafgangur ársins kemur til vegna söluhagnaðar á fasteign ásamt afgangi af verkefni sem farið var í á árinu. Það á þó eftir að fara í einhverjar endurbætur á húsnæðinu.

Farið yfir efnahagsreikning, fastafjármunir félagsins eru aðallega fólgnir í fasteign á Suðurgötu 3. Staða veltufjármuna er góð og eignir hafa að sama skapi aukist á árinu. Ýmis verkefni á árinu hafa skilað félaginu tekjum, m.a. sala á fánum til skóla um allt land. Rekstrarstyrkjum frá ráðuneytinu hefur nú verið breytt í verkefnastyrki.

Aukning var á tekjum sem tengjast ákveðnum verkefnum og voru þær vel í samræmi við útgjöld. Rekstur félagsins er í nokkru jafnvægi og það að mestu skuldlaust. Gjaldkeri metur stöðuna góða og að framtíð samtakanna sé björt. Fyrirspurn kom fram um skoðunarmenn reikninga, þeir hafa samþykkt reikninga og eintak þeirra sem fer á netið mun innihalda undirskriftir þeirra.

Reikningar samþykktir samhljóða.

5. **Fjárhagsáætlun ársins lögð fram**
Gjaldkeri leggur til að látið verði af þeirri hefð að kynna fjárhagsáætlun ársins á aðalfundi, nóg ætti að vera að kynna áætlunina á félagsfundum líkt og gert hefur verið síðustu árin. Stærstu póstarnir eru fræðsla, ráðgjöf og rekstur skrifstofu. Erfitt er að segja til um tekjur á næstunni í ljósi þess að enn standa yfir samningaviðræður við borgina.

Hinsegin dagar munu leigja geymsluaðstöðu í kjallara á Suðurgötunni og hafa aðgang að húsnæðinu. Þrátt fyrir að ekki sé lengur möguleiki á útleigu herbergja fyrir aðra starfsemi verður þó hægt að leigja út salinn á nýjum stað.

Spurningar varðandi áætlaðan ferðakostnað á næsta starfsári, hann er sá sami og á því síðasta. Áætlun krafðist ekki samþykkis fundarins.

6. Laga- og stefnuskrárbreytingar

Sjö tillögur að lagabreytingum teknar fyrir á fundinu. Þær voru birtar á vefnum fyrir aðalfundinn, sjá viðauka með fundargerð.

Tillaga 1 Um ungliðastarf (ný grein):

Rætt hvort tillagan væri ekki of almenns eðlis, mikilvægi þess að hafa gott ungliðastarf. Stungið upp á orðalagsbreytingu til að binda ekki hendur stjórnar í tengslum við greinina. Komið var breytingatillögu. Frávísunartillaga var fyrst tekin fyrir, ekki samþykkt. Breytingartillaga ekki samþykkt.

Tillagan felld.

Tillaga 2 Intersex fólks getið í markmiðum laga og skilgreiningu á hugtakinu 'hinsegin' (breyting á gr. 1.2), samþykkt að setja orðið intersex inn í greinina:

Umræða fór fram um upptalningu um að hafa sem flesta hópa með í upptalningu greinarinnar. Breytingatillaga sett fram: bæta líka inn *asexual og pankynhneigðir*. Grein 1.2 verði því: [Markmið félagsins er að lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir, asexual, pankynhneigðir, intersex fólk og trans fólk, hér eftir nefnd hinsegin fólk, verði sýnileg og viðurkennd og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi.]

Samþykkt samhljóða.

Tillaga 3 Um stjórn fyrsta fundar trúnaðarráðs og kosningu í embætti (breyting á gr. 5.3 eða 3.4, 3.5 og 5.3):

Umræður um tillögu, í upphafi fyrsta fundar ráðsins er óljóst hver ber ábyrgð á kjörinu. Lagt til að formaður stjórnar samtakanna taki að sér stjórn fundarins. Grein 5.3 verði: [Fyrsti fundur trúnaðarráðs skal haldinn eigi síðar en 2 vikum eftir aðalfund. Formaður stjórnar Samtakanna '78 skal stýra fundi þar til formaður hefur verið kosinn. Skal kjör formanns fara fram eins fljótt og hægt er. Að kjöri formanns loknu skal formaður taka við stjórn fundarins. Skal þá kjósa varaformann trúnaðarráðs, áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans. Trúnaðarráð skal setja sér skriflegar starfsreglur á fyrsta fundi sínum.]

Tillagan samþykkt.

Tillaga 4 **Fækkun fulltrúa í trúnaðarráði (breyting á gr. 5.2): fækka í fimm:**

Óskað eftir útskýringu. Tillagan er lögð fram vegna þess að erfitt hefur verið að manna stöðurnar og mætingin hefur verið dræm.

Tillagan felld.

Tillaga 5 **Lágmarksfjöldi á fundum trúnaðarráðs (breyting á gr. 5.5) í það minnsta 5 meðlimir séu á fundi:**

Rætt var um tillöguna, hópurinn er stór og því mikilvægt að fækka þeim. Grein 5.5 verði: [Trúnaðarráð skal funda í það minnsta fjórum sinnum á ári og auk þess með stjórn tvisvar á ári. Fundir í trúnaðarráði eru lögmætir sé til þeirra boðað samkvæmt starfsreglum og í það minnsta 5 meðlimir séu á fundi.]

Tillagan samþykkt.

Tillaga 6 **Um kynningu varaframboða (viðbót við gr. 3.3): Varaframboð skulu þó ekki kynnt nema til þess komi að frambjóðandi taki þátt í kjöri skv. áður tilgreindu varaframboði:**

Tillagan útskýrð og stuttar umræður um tillöguna. Frávísunartillaga tekin fyrir og felld. Breytingartillaga kynnt og tekin til baka. Frávísunartillaga aftur tekin fyrir.

Tillagan felld.

Tillaga 7 **Um lögmæti aðalfundar (breyting á gr. 3.6), hafi til hans verið boðað með lögmætum hætti og hið minnsta 15 félagsmenn sæki hann:**

Tillagan útskýrð og tekin til atkvæðagreiðslu. Grein 3.6 verði: [Aðalfundur telst lögmætur hafi til hans verið boðað með lögmætum hætti og hið minnsta 15 félagsmenn sæki hann. Aðalfundi skal stjórnað samkvæmt almennum fundarsköpum.]

Tillagan samþykkt.

Lögin í heild sinni borin upp til samþykkis í núverandi mynd.

Samþykkt samhljóða.

7. **Kjör formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa.** Sjálfkjörið var í embætti formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa. Fundarmenn klöppuðu til að staðfesta kjörið. Nýjir meðlimir stjórnar í þessum embættum komu upp og kynntu sig. Þau eru:

Hilmar Hildarson Magnússon, formaður
María Rut Kristinsdóttir, varaformaður
Jósef S. Gunnarsson, ritari
Steina Dögg Vigfúsdóttir, gjaldkeri
Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, alþjóðafulltrúi

8. Kjör tveggja meðstjórnenda

Í framboði voru þrjú einstaklingar. Eftir skriflega kosningu sem framkvæmd var af kjörnefnd voru eftirfarandi kosin sem meðstjórnendur: Kitty Anderson og Matthew Deaves.

9. Kjör tíu félaga í trúnaðarráð

Í framboði voru 13 einstaklingar. Eftir skriflega kosningu sem framkvæmd var af kjörnefnd voru eftirfarandi kosin í trúnaðarráð: Unnsteinn Jóhannsson (31), Alda Villiljós (29), Þorbjörg Þorvaldsdóttir (29), Daníel Haukur Arnarsson (27), Júlía Margrét Einarsdóttir (26), Örn Danival Kristjánsson (26), Kara Ásdís Kristinsdóttir (25), Angel Ojara (24), Setta María Mortensen (24), og Valgerður Jónsdóttir (23).

Viktor Stefánsson hafði dregið framboð sitt til baka. Anna Pála Sverrisdóttir hlaut eitt atkvæði.

10. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn reikninga: Sigurjón Guðmundsson og Sverrir Jónsson.

Kjörnir með lófataki.

11. Önnur mál

- **Umsókn um hagsmunaaðild Intersex Ísland að Samtökunum '78.**

Umsóknin samþykkt samhljóða.

- **Umræður um lagabreytingar, sérstaklega þá varðandi ungliðahreyfinu og kjör til stjórnar.**

Málinu vísað áfram til stjórnar og hvatt til þess að stjórn vinni áfram með tillögurnar, t.d. með því að boða til félagsfundar og ræða á þeim vettvangi.

- **Opið hús á Suðurgötu 3**

Framkvæmdastjóri, Árni Grétar Jóhannsson, minnti á að opið hús verður í nýju húsnæði samtakanna að Suðurgötu klukkan 16.15.

- **Úganda verkefni**

Að lokum benti formaður á að nánari upplýsingar um Úganda-verkefnið megi finna í ársskýrslunni. Hann fór í gegnum stöðu þess og tengsl við samstarfsaðila.

- **Vefstjórn og framkvæmdir við vefsíðu**

Þá kynnti formaður tillögu að vinnu í tengslum við nýjan vef. Til að vinna að tæknihluta vefsins hafa Frosti Jónsson og Páll Guðjónsson boðist til að vinna að næstu skrefum og framkvæmd. Lagt var til að Páll verði vefstjóri samtakanna og var það samþykkt með dúndrandi lófataki. Í framhaldi af því mun stjórn skoða að skipa ritnefnd til að sjá um vinnslu á efni fyrir vefinn.

Fundarstjóri sleit fundi klukkan 15.50.

RÞ 21.03.2015

Viðauki við fundargerð: lagabreytingatillögur sem lágu fyrir fundinum

1. Um ungliðastarf (ný grein)

Klausan myndi bætast við kafla 6. Skipulag og starfsemi og er svohljóðandi:

6.8. Stjórn skal sjá til þess að reglulegt og öflugt ungliðastarf farið fram. Ungliðahreyfing Samtakanna 78 skal hafa aðgang að aðstöðu og fjárstuðningi frá Samtökunum 78.

2. Intersex fólks getið í markmiðum laga og skilgreiningu á hugtakinu 'hinsegin' (breyting á gr. 1.2)

Eftirtalin lagabreyting skal lögð fyrir aðalfund. Tilgangur lagabreytingarinnar er að hópur intersex fólks á Íslandi njóti meiri sýnileika í lögum félagsins. Þetta er tillaga sem lýtur að orðalagi en ekki efni laganna og felst í því að brjóta upp og aðlaga upptalningu um hvað felst í hugtakinu hinsegin fólk í markmiðum félagsins.

[Grein 1.2 eins og hún hljóðar í dag:

1.2. Markmið félagsins er að lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir og transgender fólk, hér eftir nefnd hinsegin fólk, verði sýnileg og viðurkennd og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi.]

Eftir breytingu samkvæmt tillögu þessari mun grein 1.2. hljóða svo:

*1.2. Markmið félagsins er að lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir, **intersex og trans fólk**, hér eftir nefnd hinsegin fólk, verði sýnileg og viðurkennd og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi.*

3. Um stjórn fyrsta fundar trúnaðarráðs og kosningu í embætti (breyting á gr. 5.3 eða 3.4, 3.5 og 5.3)

Á fyrsta fundi trúnaðarráðs þarf að skipa fundarstjóra fram yfir kosningu formanns. Skv. fundarsköpum er fundarstjóri ekki gjaldgengur til framboðs. Það gefur því auga leið að annaðhvort þarf fyrsta fundi trúnaðarráðs að vera stýrt af utanaðkomandi aðila eða að aðalfundur kjósi formann trúnaðarráðs sérstaklega. Ég legg því til tvær mögulegar leiðir til að auðvelda þetta ferli.

Leið 1.

Utanaðkomandi aðili stjórnar fyrsta fundi trúnaðarráðs fram yfir kjör formanns. Sé sú leið valin þarf aðeins að breyta einni grein laga Samtakanna er fjalla um trúnaðarráð. Grein 5.3 sem hljóðar nú svona:

*5.3. Fyrsti fundur trúnaðarráðs skal haldinn eigi síðar en 2 vikum eftir aðalfund. **Skal þá kjósa formann og varaformann trúnaðarráðs, áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans.** Trúnaðarráð skal setja sér skriflegar starfsreglur á fyrsta fundi sínum.*

Tillaga mín að breytingu greinarinnar er að hljóði svona:

5.3. Fyrsti fundur trúnaðarráðs skal haldinn eigi síðar en 2 vikum eftir aðalfund. **[utanaðkomandi aðili] skal stýra fundi þar til formaður hefur verið kosinn. Skal kjör formanns fara fram eins fljótt og hægt er. Að kjöri formanns loknu skal formaður taka við stjórn fundarins. Skal þá kjósa varaformann trúnaðarráðs, áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans.** Trúnaðarráð skal setja sér skriflegar starfsreglur á fyrsta fundi sínum.

Þar sem ritað er [utanaðkomandi aðili] má setja inn þann aðila sem stjórn eða aðalfundur telur henta best, má það t.a.m. vera formaður Samtakanna, framkvæmdastjóri eða eitthvað annað. Undirritaður hefur ekki sérstaka skoðun á því. Einnig má umorða greinina ef betri orðun finnst.

Leið 2.

Aðalfundur kýs formann trúnaðarráðs um leið og almenn kosning til trúnaðarráðs fer fram. Sú leið krefst þess að fleiri greinum sé breytt.

3.4. Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) embætti formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa; 2) embætti meðstjórnenda; **3) sæti í trúnaðarráði.** Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði hans. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu.

myndi hljóða svo:

3.4. Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) embætti formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa; 2) embætti meðstjórnenda; **3) embætti formanns trúnaðarráðs og önnur sæti í trúnaðarráði.** Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði hans. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu.

3.5. Dagskrá aðalfundar er:

1. Skipan fundarstjóra og fundarritara
2. Lögmæti aðalfundar staðfest
3. Skýrsla stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa
4. Áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar
5. Fjárhagsáætlun ársins lögð fram
6. Laga- og stefnuskrárbreytingar
7. Kjör formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa.
8. Kjör tveggja meðstjórnenda
- 9. Kjör tíu félaga í trúnaðarráði**
10. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga
11. Önnur mál

myndi hljóða svo:

3.5. Dagskrá aðalfundar er:

1. Skipan fundarstjóra og fundarritara
2. Lögmæti aðalfundar staðfest

3. Skýrsla stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa
4. Áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar
5. Fjárhagsáætlun ársins lögð fram
6. Laga- og stefnuskrárbreytingar
7. Kjör formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa.
8. Kjör tveggja meðstjórnenda
9. Kjör tíu félaga í trúnaðarráð **auk formanns þess**
10. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga
11. Önnur mál

5.3. Fyrsti fundur trúnaðarráðs skal haldinn eigi síðar en 2 vikum eftir aðalfund. Skal þá kjósa **formann** og varaformann trúnaðarráðs, áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans. Trúnaðarráð skal setja sér skriflegar starfsreglur á fyrsta fundi sínum.

myndi hljóða svo:

5.3. Fyrsti fundur trúnaðarráðs skal haldinn eigi síðar en 2 vikum eftir aðalfund. Skal þá kjósa **formann-og** varaformann trúnaðarráðs, áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans. Trúnaðarráð skal setja sér skriflegar starfsreglur á fyrsta fundi sínum.

Auk þessara tveggja leiða til breytinga á skipan formanns trúnaðarráðs legg ég einnig til eftirfarandi lagabreytingar:

4. Fækkun fulltrúa í trúnaðarráði (breyting á gr. 5.2)

5.2. Aðalfundur kýs árlega **tíu** manns í trúnaðarráð. Að auki hafa hagsmunafélög, sbr. 2.4, rétt til að skipa 2 fulltrúa í trúnaðarráð til eins árs í senn, með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt enda séu þeirra fulltrúar fullgildir félagar í Samtökunum '78. Þeir fulltrúar hafa ekki kjörgengi til embætta innan trúnaðarráðs.

skal hljóða svo:

5.2. Aðalfundur kýs árlega **fimm** manns í trúnaðarráð. Að auki hafa hagsmunafélög, sbr. 2.4, rétt til að skipa 2 fulltrúa í trúnaðarráð til eins árs í senn, með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt enda séu þeirra fulltrúar fullgildir félagar í Samtökunum '78. Þeir fulltrúar hafa ekki kjörgengi til embætta innan trúnaðarráðs.

5. Lágmarksfjöldi á fundum trúnaðarráðs (breyting á gr. 5.5)

5.5. Trúnaðarráð skal funda í það minnsta fjórum sinnum á ári og auk þess með stjórn tvisvar á ári. Fundir í trúnaðarráði eru lögmætir sé til þeirra boðað samkvæmt starfsreglum og **minnst helmingur ráðsins sé á fundi.**

skal hljóða svo:

5.5. Trúnaðarráð skal funda í það minnsta fjórum sinnum á ári og auk þess með stjórn tvisvar á ári. Fundir í trúnaðarráði eru lögmætir sé til þeirra boðað samkvæmt starfsreglum og **í það minnsta 5 meðlimir séu á fundi.**

6. Um kynningu varaframboða (viðbót við gr. 3.3)

3.3 Framboðsfrestur rennur út hálfum mánuði fyrir aðalfund og skulu frambjóðendur skila framboði sínu skriflega til kjörnefndar og tilgreina hvaða embætti þeir sækjast eftir og tilgreina varaframboð ef við á. Öll framboð til stjórnar og trúnaðarráðs skulu eftir það kynnt á vefsíðu félagsins.

skal hljóða svo:

3.3 Framboðsfrestur rennur út hálfum mánuði fyrir aðalfund og skulu frambjóðendur skila framboði sínu skriflega til kjörnefndar og tilgreina hvaða embætti þeir sækjast eftir og tilgreina varaframboð ef við á. Öll framboð til stjórnar og trúnaðarráðs skulu eftir það kynnt á vefsíðu félagsins. **Varaframboð skulu þó ekki kynnt nema til þess komi að frambjóðandi taki þátt í kjöri skv. áður tilgreindu varaframboði.**

Punktur: Ég legg til þessa breytingu til að taka af allan vafa um það hvort varaframboð eigi að vera tilkynnt eða ekki. Auðvitað má leggja til breytingu sem gengur í hina áttina og sérstaklega sé tekið fram varaframboð þeirra sem bjóða þau fram. En til að setja þetta í samhengi þá var það hugmynd lagabreytinganefndar sem lagði fram þessa lagabreytingu, og undirritaður sat í, að með varaframboði væri verið að hvetja fólk til að sækjast eftir embættum þar sem aðeins einn aðili getur náð kjöri án þess að eiga það á hættu að ná engu kjöri vegna vilja viðkomandi til að taka meiri ábyrgð. Með þessu gæti aðili t.a.m. sóst eftir embætti gjaldkera án þess að eiga það á hættu, skyldi hann ekki ná kjöri, að fá ekki tækifæri til að sinna öðru embætti innan stjórnar eða trúnaðarráðs. Enda er oft ekki mikill fjöldi fólks sem sækist eftir að starfa innan samtakanna og synd að láta fólk víkja frá einfaldlega vegna þess að því langaði að sinna stöðu þar sem aðeins einn aðili getur náð kjöri.

En sé dæminu snúið við og varaframboð kynnt getur það snúist upp í andhverfu sína. Ef t.a.m. tveir aðilar sækjast eftir stöðu ritara og annar þeirra hefur tilkynnt varaframboð en ekki hinn geta fundargestir hæglega upplifað það sem áhrifavald í kjöri sínu og kosið einstaklinginn sem ekki tilgreindi varaframboð með þeim rökum að hinn aðilinn verði þá bara kosinn skv. varaframboði hans. Það myndi því virka neikvætt á frambjóðendur að bjóða fram varaframboð og því væri öll hugmyndin orðin að hringavitleysu sem skilaði engu fyrir Samtökin.

7. Um lögmæti aðalfundar (breyting á gr. 3.6)

3.6. Aðalfundur telst lögmætur **sæki hann 15 félagsmenn hið fæsta**. Aðalfundi skal stjórnað samkvæmt almennum fundarsköpum.

skal hljóða svo:

3.6. Aðalfundur telst lögmætur **hafi til hans verið boðað með lögmætum hætti og hið minnsta 15 félagsmenn sæki hann**. Aðalfundi skal stjórnað samkvæmt almennum fundarsköpum.